

140. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
1. 3. 2023 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Sindri Örn Elvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Lind Völundardóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Huguín Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Kristján Sigurður Guðnason og Bjarni Guðmundsson.

Gestur á fundi: Þórður Freyr Sigurðsson

Ársreikningur 2022

Huguín Harpa greindi frá vinnu við gerð ársreiknings, boðaður verður aukafundur í stjórn í apríl og þá verður ársreikningur til umfjöllunar.

Undirbúningur ársfundar

Ársfundur verður haldinn 10. maí og á þeim fundi þarf að skipa í embætti stjórnar að nýju. Stjórn ræddi hlutverkaskipan og var tekin ákvörðun um að bera eftirfarandi tillögu um skipan í embætti upp á ársfundi:

Formaður: Steinunn Hödd Harðardóttir

Varaformaður: Lilja Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Ingunn Jónsdóttir

Ritari: Gunnar Þór Jóhannesson

Nánari dagskrá ársfundar er í mótun og verður send stjórn um leið og hún liggur fyrir.

Starfsmannamál

Forstöðumaður og formaður stjórnar sögðu frá vinnu sinni við endurskoðun á launamálum starfsmanna. Setrið hefur, við ákvörðun launa, unnið út frá stofnanasamningi Náttúrustofu Suðausturlands frá árinu 2013 en ákveðið var að taka hér eftir mið af nýjum stofnanasamningi Náttúrustofunnar frá árinu 2018. Stjórn ræddi verklagsreglur varðandi launa- og starfsmannamál, í samræmi við starfsáætlun ársins er stefnt að því að vinna að verkferlum og innri stefnum er tengjast gæðamálum setursins.

Samstarfssamningur NÞ og SASS

Þórður Freyr kom inn á fundinn og kynnti áherslubreytingar sem unnið er að varðandi störf byggðarþróunarfulltrúa á Suðurlandi. Umræður sköpuðust um hlutverk byggðarþróunarfulltrúa og svaraði Þórður spurningum stjórnarmanna og vék að loknum spurningum af fundi. Drög að samstarfssamningi milli SASS og NÞ voru tekin til umræðu. NÞ hefur verið með starfsmann í fullu starfi í tengslum við eldri samstarfssamning en ljóst er að nýr samningur er lækkun á því hlutfalli. Steinunn og Huguín gerðu grein fyrir fundum sínum með fulltrúum SASS þar sem samningurinn hefur verið til umfjöllunar. Stjórn ræddi sérstaklega fjárhagslega hlið samningsins, Huguínu og Steinunni er falið að vinna áfram að málinu og ákveðið var að taka aðra umræðu um samning þennan á auka fundi sem haldinn verður í apríl.

Önnur mál

Fundi slitið 10:20


Huguín Harpa Reynisd.